



Emmanuel Macron Frakklandsforseti og Angela Merkel Þýskalandskanslari voru meðal þjóðarleiðtoga sem tóku þátt í minningarathöfn í París í gær. Þá voru liðin 100 ár frá lokum fyrri heimsstyrjaldar. Sjá síður 4 og 16. NORDICPHOTOS/GETTY

FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS Fleiri myndir frá athöfninni í París er að finna á +Plússiðu Fréttablaðsins. Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.

Úthlutun sautján aðstoðarmanna rædd

Aðstoðarmönnum þingflokka mun fjölga um sautján en óvist er í hvaða skrefum það verður gert. Þingflokkar munu áfram geta ráðið aukaaðstoð á eigin kostnað. Ekki samstaða um hvort stærri flokkar fái aðstoðarmenn fyrst eða hvort allir skuli fá jafn marga í upphafi.

ALÞINGI Samstaða er meðal flokka á þingi um það að fjölga aðstoðarmönnum þingflokka en ekki er samkomulag um í hvaða röð þeim skuli úthlutað. Þingflokksformenn munu funda um málið í dag og er stefnt að því að ljúka málinu áður en umræður um fjárlög fara á fullt á ný.

Núverandi tillögur gera ráð fyrir því að sautján aðstoðarmenn deilist niður á þingflokkanum í samræmi við þingstyrk þeirra en að auki fái

Ef farið væri eftir venjulegri hlutfalls-skiptingu strax í upphafi myndu stærstu flokkarnir fyrst fá aðstoðina sem er í boði.

Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata

hver flokkur ritara. Þingflokkar geta áfram ráðið sér aðstoðarmenn á eigin kostnað. Forsætisnefnd samþykkti fyrirhugaða fjölgun í sumar en með henni er stefnt að því að efla Alþingi.

Formenn þingflokka hafa undanfarið rætt hvernig skuli standa að úthlutun þeirra aðstoðarmanna sem til stendur að bæta við. Stefnt er að því að aðstoðarmönnum fjölgi í þrepum þannig að hluti bættist við

mú um áramótin og síðan á ný þegar árin 2020 og 2021 ganga í garð.

„Ef farið væri eftir venjulegri hlutfalls-skiptingu strax í upphafi myndu stærstu flokkarnir fyrst fá aðstoðina sem er í boði. Það er ekki réttlætlegt. Tillagan er sú að í upphafi fengu allir einn og síðan yrði úthlutað eftir þingstyrk,“ segir Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata.

„Það eru alls konar sjónarmið uppi en engin endanleg niðurstaða liggur

fyrir,“ segir Birgir Ármannsson, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins. Aðspurður um hvaða áhrif fjölgunin gæti haft á komandi kjarasamninga-viðræður segir Birgir að hann sjái hana ekki sem áhrifabátt. Tiltölulega breið sátt sé um málið á þingi.

Í fjárlagafrumvarpi ársins 2019 er gert ráð fyrir að fjárheimildir til Alþingis verði auknar um rúmar 120 milljónir til að auka aðstoð við þingflokka og þingmenn. — jõe

Tvívætti heimsmetið

KRAFTLYFTINGAR Júlían J.K. Jóhannsson gerði sér lítið fyrir og tvívætti heimsmetið í réttstöðulyftu í +120 kg flokki á HM í kraftlyftingum með búnaði um helgina. Júlían lyfti fyrst 398 kg og svo 405 kg sem er nú heimsmetið í greininni. Hann stefnir hátt.

„Núna er bara að halda áfram. Mín næstu markmið eru að bæta þetta heimsmet enn frekar og komast á pall í samantögu; verða heimsmeistari,“ segir Júlían. — íþs / sjá síðu 12



Fréttablaðið í dag



SKODUN Andrés Magnússon skrifar um viðnám ríkisvaldsins gegn kjötinnflutningi. **8**

SPORT Sergio Agüero heldur áfram að skora gegn United. **14**

LÍFIÐ Hjómsteitin Skálmöld verður ásamt Slayer á þungarokkshátíðinni Graspop. **22**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK
• FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlökönnum Gallup apríl-júní 2015

Betolvex B-12



Fæst án lyfseðils
Actavis

NUTRILENK öflugur liðstyrkur



Tales from Iceland



BESTA SAFN ÍSLANDS

SKV. TRIPADVISOR.COM



AUSTURBÆR

Veður



Norðaustan 10-18 um landið norðvestanvert, en mun hægari vindur í öðrum landshlutum. Rigning eða slydda með köflum norðan til. Hiti 1 til 8 stig í dag. **SJA SÍÐU 18**

Kristinn og Þorsteinn eru fundnir

FÓLK Talið er að lík tveggja íslenskra manna, sem hurfu á göngu í Himalajafjöllum fyrir þrjátíu árum, séu fundnir.

Þorsteinn Guðjónsson og Kristinn Rúnarsson hurfu á fjallinu Pumo Ri í október árið 1988. Leit bar engan árangur en nú þrjátíu árum síðar kvæðst bandarískur fjallgöngumaður hafa fundið lík Íslendinganna. Aðstandendur fréttu af líkfundinum á föstudaginn



Þorsteinn Guðjónsson.



Kristinn Rúnarsson.

Fjallið Pumo Ri er í norðausturhluta Nepal, nokkra kílómetra frá Everest. Þeir Þorsteinn og Kristinn lögðu upp í gönguna ásamt tveimur öðrum, þeim Jóni Geirssyni og Stephen Aisthorpe. Hinir síðarnefndu þurftu frá að hverfa vegna veikinda og Þorsteinn og Kristinn héldu tveir af stað í átt að toppnum. Ekkert spurðist síðan til þeirra.

Elin Sigurveig Sigurðardóttir hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum segir bandarískan fjallgöngumann hafa haft samband. Hann hafi skoðað skilríki á mönnum og fundið út að þeir væru íslenskir.

Miðað við frásagnir annarra fjallanna fyrir þrjátíu árum er talið að Þorsteinn og Kristinn hafi náð á topp Pumo Ri og farið á bakaleiðinni. Þeir voru 27 ára og áttu báðir unnustur. Unnusta Kristins var barnshafandi. Ítarlegar er fjallað um málið á frettabladid.is. – bsp

Forsetinn og listamaðurinn



Vinafagnaður var þegar Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, heimsótti Erró á vinnustofu listamannsins í París á laugardaginn. Með heimboðinu endurgalt Erró kvöldverðarboðu Guðna á Bessastöðum nýverið. Eftir að hafa sýnt forsetanum vinnustofuna bauð Erró honum ásamt forsetaritara og sendiherra Íslands í Frakklandi í hádegisverð á veitingastað sem hann sækir reglulega. Fór afar vel á með forseta og Erró og ræddu þeir marga.

Samherji segir rangt sagt frá

DÓMSMÁL Lögmaður Samherja segir rangt sem sagði í frétt RÚV að niðurfelling sérstaks saksóknara á kærnu Seðlabankans hefði byggt á því að skort hefði á samþykki ráðherra á reglum bankans um gjaldeyrismál. Skýrt væri að ekki væri bara forminu áfátt í málsmeðferð bankans.

Þá gerir lögmaðurinn í yfirlýsingu athugasemd við að Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra hefði sagt að seðlabankastjóri hafi ekki haft ásetning um brot.

„Endurteknar ávörðingar Seðlabanka Íslands á hendur félögum í samstöðu Samherja hf. og helstu fyrirsvarsmanna þeirra sættu efnislegri rannsókn af hálfu embættis sérstaks saksóknara, sem meðal annars komst að þeirri niðurstöðu að Samherji hf. hefði gætt þess af kostgæfni að senda heim erlendan gjaldeyri sem var endurgjald félagsins vegna sölu á vöru og þjónustu.“ – gar

Litarmengunin var frá Málningu hf. á Dalvegi

Heilbrigðisfulltrúi fann upptök mengunar í Kópavogslæk 19. október. Málning fór í niðurfall á lóð Málningar hf. Ámælisvert segir heilbrigðiseftirlitið. Mannleg mistök sem ekki gerast aftur, segir yfirmaður hjá fyrirtækinu og biðst afsökunar.

UMHVERFISMÁL „Mengunartilvik í Kópavogslæk hafa verið alltof tíð og hafa stundum leitt til fiskidauða en ávallt truflað eða raskað fuglalífi og verið fólki til mikils ama,“ segir í bréfi heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis til Málningar hf. vegna málningar sem hellt var í niðurfall á lóð fyrirtækisins.

Fram kemur í bréfinu að 19. október síðastliðinn hafi heilbrigðiseftirlitinu borist athugasemd frá fólki sem átti leið um Kópavogsdal. Lækurinn frá brúnni á Digranesi og niður eftir hafi verið hvítur og greinilegt að mengandi efni hefði borist í hann. Heilbrigðisfulltrúi hafi farið strax á vettvang og staðfest að kvörtunin væri á rökum reist.

„Greinilegt var að í lækinn barst hvítt málningarmettað vatn úr drenvatnslögn fyrir ofan brúna á Digranesvegi, nálægt innkeyrslu,“ segir í bréfinu til Málningar sem skrifad er af heilbrigðisfulltrúanum. Hann hafi talið líklegt að um væri að ræða vatnsmálningu sem losuð hefði verið í drenkerfi bæjarins.

„Því miður er þetta ekki í fyrsta skipti sem mengandi efni hafa komið úr þessu röri,“ segir í bréfinu. Vitað hafi verið að drenlagnin þjóni ekki sist atvinnusvæðinu í kringum Dalveg og upptakanna hafi verið leitað þar.

„Sú leit skilaði loks árangri þegar komið var inn á lóð Málningar hf. að Dalvegi 18. Þar mátti sjá merki þess, í kring um niðurfall á lóð, að þrif hafi átt sér stað. Farið var í fyrirtækið og rætt við starfsmenn sem gengust greiðlega við því að einn starfsmaður hafi verið að þrifa



Farmur gekk til í flutningabíll á lóð Málningar hf. á Dalvegi. FRÉTTABLAÐIÐ/EY/ÞOR

„Það varð því enginn skaði af þessu þótt þarna hafi orðið veruleg sjónmengun um tíma.“

Gisli Guðmundsson, efnaverkfræðingur hjá Málningu

málningu eftir óhapp við flutning,“ segir í bréfinu.

Heilbrigðiseftirlitið segir málið alvarlegt. Kópavogslækur renni um viðkvæmt og vinsælt útivistarsvæði áður en hann opnast út á Kópavogslætur sem njóti hverfisverndar.

„Eftirlitið telur það verklag sem viðhaft var hjá Málningu hf. þann 19. október síðastliðinn ámælisvert,“ segir í bréfi heilbrigðiseftirlitsins.

„Þetta voru mannleg mistök,“ segir Gisli Guðmundsson, efnaverkfræðingur hjá Málningu. Óhapp hafi orðið þannig að bill hafi þurft að snögghemla og tuttugu litrar af málningu farið niður. Aðeins einum til tveimur litrum sem hafi orðið eftir við þrif á bilnum hafi verið skolað í niðurfallið í það þess að fara með bilinn á þar til gert svæði.

Gisli bendir á að málningin hafi verið vatnspynnaleg. „Það varð því enginn skaði af þessu þótt þarna hafi orðið veruleg sjónmengun um tíma,“ segir hann og undirskar að þetta hafi verið í fyrsta skipti sem slíkt gerist hjá Málningu. „Okkur finnst þetta mjög, mjög leiðinlegt og munum biðjast afsökunar. Þetta mun ekki gerast aftur.“

gar@frettabladid.is

LED LAMPAR

Rafvirkjar



3000K 4000K

LEDVANCE OSRAM

533 1900 | olafsson.is

Jóhann Ólafsson & Co



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

ÞEGAR STÓRT ER SMURT VERÐUR OFT FÁTT UM SLIT

Sértilboð á smurþjónustu 1.–16. nóvember hjá viðurkenndum þjónustuaðilum
Toyota um allt land



Sértilboð á olíum, olíusíum, loftsíum, frjókornasíum, bensín- og hráolíusíum, þurrkublöðum,
þurrkugúmmíi, ljósaperum, rúðuvökva, frostlegi og vinnusölu.*

Engin vandamál – bara lausnir

1	Toyota Kauptúni	Kauptúni 6	Garðabæ	570-5070
2	Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	Akureyri	460-4300
3	Toyota Selfossi	Fosnesi 14	Selfossi	480-8000
4	Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 19	Reykjanesbæ	420-6610
5	Arctic Trucks	Kletthálsi 3	Reykjavík	540-4900
6	Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	Reykjavík	440-8000
7	Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Skemmuvegi 16	Kópavogi	440-8000
8	Nethamar	Garðavegi 15	Vestmannaeyjum	481-1216
9	Bílatangi	Suðurgötu 9	Ísafirði	456-4580
10	Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	Sauðárkróki	455-4570
11	Bílaeiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	Húsavík	464-1888
12	Bílaverkstæði Austurlands	Miðási 2	Egilsstöðum	470-5070
13	Bílageirinn	Grófinni 14a	Reykjanesbæ	421-6901

*Afsláttur af vörum gildir eingöngu með vinnusölu.



Sænskur blaðamaður sektaður fyrir að sniglast í sjókvíaeldi

NOREGUR Sænski blaðamaðurinn og rithöfundurinn Mikael Fróðin var fyrir helgi dæmdur til greiðslu sektar í undirrétti í Alta-heraði Noregs fyrir brot gegn fiskeldislöggjöf landsins. Fróðin hafði fangað og myndað fisk í laxeldiskví í sjó í Alta.

Fróðin fór í sjókvina vopnaður myndavél í júlí í fyrra. Þar festi hann á filmu ástand fiskisins í eldiskvinni en þær myndir sýndu meðal annars

fiska sem voru illa leiknir af laxalúti. Myndefnið var síðar notað í heimildarmynd um efnið.

Fyrir dómi viðurkenndi Fróðin háttsemina en krafðist sýknu á grundvelli neyðarréttarsjónarmiða. Sagði hann að gjörðir sínar hefðu miðað að því að bjarga norska villilaxinu en Fróðin er í hópi þeirra sem telja að honum stafi mikil hættu af eldislaxi.

Dómari málsins tók ekki undir þau sjónarmið. Taldi hann háttsemina eiga lítið skylt við neyðarrétt heldur væri um að ræða „PR brellu“ í tengslum við þá pólitísku umræðu sem á sér stað í Noregi þessi dægrin. Gerði hann honum sekt að upphæð 12 þúsund norskar krónur, andvirði tæpra 175 þúsund íslenskra króna, en 24 daga fangelsisvist kemur í stað sektarinnar verði hún ekki greidd.



Ílla farinn lax var í kvium sem myndadar voru í Alta. MYND/MIKAEAL FRÓÐIN

„Ég tel ekki að ég eigi að hljóta refsingu fyrir þetta því það var skylda mín sem blaðamaður að upplýsa almenning um alvöru málsins. [...] Ef lögin segja að við megum ekki skoða þetta með eigin augum, þá verðum við að treysta á að fyrirtækin sendi frá sér réttar upplýsingar. Nú þegar við vitum hvernig staðan er í raun, vitum við að frásagnir þeirra standast ekki,“ segir Fróðin í yfirlýsingu. –joe

Alvöruþrungin athöfn í París

PARÍS „Þessi minningarathöfn var mjög hjartnæg og alvöruþrungin,“ segir Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, en hann tók í gær þátt í athöfn í París þar sem þess var minnst að hundrað ár voru líöin frá lokum fyrri heimsstyrjaldarinnar.

„Macron var auðvitað í aðalhlutverki hérna sem gestgjafi og flutti ræður um mikilvægi þess að læra af þeim hildarlek sem fyrri heimsstyrjöldin var og minnti þar meðal annars á nauðsyn þess að gjalda varhug við öfgum þjóðernishyggju.“



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands.

Guðni segir mikið til í þeim orðum Macron að gera þurfi skýran greinarmun á heilbrigðri og jákvæðri ættjarðarást og hins vegar þjóðdrembu, öfgum, fordómum og illsku.

Forsetinn tók svo ásamt þjóðarleiðtogum hátt í hundrað ríkja þátt í frídarráðstefnu sem hófst síðar um daginn.

„Það voru auðvitað forréttindi að fá að njóta þessa viðburðar en mestu skiptir að okkur sem nú erum uppi festist í minni hversu skilfleg stríðið var. Til þess var nú leikurinn gerður.“

Á ráðstefnunni tók Guðni þátt í pallborði ásamt forsetum Finnlands, Króatíu og Slóveníu þar sem áskoranir framtíðar voru ræddar. –sar

FRÉTTABLAÐIÐ Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

Vilja hundruð milljóna til baka

Framkvæmdastjóri hjá Ellingsen telur innflutningsfyrirtæki með sterka stöðu gegn tollstjóra í máli fyrir yfirsattanefnd. Tollstjóri segir tollamál ekki inni í EES og hann því ekki bundinn bindandi álitum ESB.

STJÓRNÝSLA. „Við erum með mjög sterkt mál í höndunum,“ segir Arnar Sigurðarson, framkvæmdastjóri BRP-umboðs Ellingsen, um deilu innflutningsfyrirtækja og tollstjóra um vörugjöld á ökutæki sem fyrirtækin skilgreina sem dráttarvélur en tollurinn ekki.

Fréttablaðið sagði 1. nóvember frá viðskiptum Kristjáns Kjartanssonar í Eyjafirði og tollstjóra vegna kaupna Kristján á léttdráttarvél að utan. Kristján á að greiða 30 prósent vörugjald sem hann telur ekki fót fyrir.

Arnar segir að með reglugerðarbreytingum hjá Evrópusambandinu fyrir tæpum þremur árum hafi verið vikkaður út ramminn fyrir tæki sem flokkast sem dráttarvélur.

„Framleiðendur fóru þá að framleiða útgáfur af fjórhjólum, sexhjólum og buggy-bílum sem eru léttdráttarvélur. Fyrir öreynnda hafa þessi tæki ytri ásýnd fjórhjols eða sexhjols en eiginleikarnir eru allt aðrir. Þetta eru tæki sem eru með takmarkaðan hámarks hraða, eru allt öðru vísi uppbyggð, miklu dýrari í framleiðslu og hafa margfalda dráttargetu á við venjulegt fjórhjól,“ útskýrir Arnar.

Eftir breytinguna hófu langflestir innflutningsaðilar að sögn Arnars að flytja inn þessi tæki sem dráttarvélur í ársbyrjun 2016. „Það var gert í sama vörugjaldaflokki og sama tollnúmeri eins og er gert alls staðar annars staðar í Evrópu. Samgöngustofa úrskurðar í hvaða flokk hjólin fara í og þau eru öll skráð sem léttdráttarvélur,“ segir hann.

Tollstjóri gerði hins vegar athugasemdir. „Þeir taka bara geðþótta-ákvörðun hjá embætti tollstjóra haustið 2017 og færa vörugjöldin upp í 30 prósent og leggja endurlagningu á alla innflutningsaðila auk þess að sekta sem nam 50 prósentum ofan á vörugjöldin. Þetta voru upphæðir sem námu hundruðum milljóna,“ segir Arnar. Þetta hafi knésett sem minni fyrirtækin og algert hrun hafi orði í sólu.



Arnar Sigurðarson segir tollstjóra beita öðrum viðmiðunum en gert sé í öllum öðrum löndum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

●● Ef fallist er á þá afstöðu tollstjóra, að aðeins eigi að líta til upplýsinga í CoC-vottorði við mat á dráttargetu, virðist ljóst að ekki einu sinni hefðbundin Massey Ferguson dráttarvél getur talist dráttarvél.

Viðir Smári Petersen lögmaður

uðum milljóna,“ segir Arnar. Þetta hafi knésett sem minni fyrirtækin og algert hrun hafi orði í sólu.

Ákvörðun tollstjóra var kærð til yfirsattanefndar. Arnar kveðst bjartsýnn.

„Það eru að minnsta kosti þrjár fordæmisgefandi dómur sem hafa fallið í Evrópu. Alls staðar annars

staðar í heiminum bera þessi tæki nýll prósent. Ísland er eina landið í heiminum sem er ekki að gera þetta svona.“

Meðal annars er tekist á um hvort stöðjast eigi við skráningu Samgöngustofu á dráttargetu tækjanna sem byggir á svokölluðu CoC-vottorði eða upplýsingar framleiðenda sem segja dráttargetuna meiri.

Í umsögn til yfirsattanefndar áréttar tollstjóri að við tollflokkan sé embættið bundið af íslenskum lögum og skýringum og leiðbeiningum alþjóðlegu tollasamtakanna WCO. Embættið leiti einnig að áliti og upplýsingum frá öðrum ríkjum og frá ESB varðandi tollskránumer.

„Aftur á móti telur embættið sig hvorki bundið af skýringarbókum ESB né bindandi álitum ESB enda eru tolla- og skattamál ekki hluti af EES-samkomulaginu, jafnvel þótt

slíki lögskýringargögn ESB geti í einhverjum tilfellum verið notuð til stuðnings ákveðnum sjónarmiðum,“ segir í umsögninni.

Tollstjóri segir eðlilegasta mælikvarðann á dráttargetuna vera skráningu Samgöngustofu. Samkvæmt henni sé langt frá því að dráttargeta ökutækjanna sem deilt er um sé að minnsta kosti tvöföld þyngd tækjanna. Þau geti því ekki flokkast sem dráttarvélur.

„Ef fallist er á þá afstöðu tollstjóra, að aðeins eigi að líta til upplýsinga í CoC-vottorði við mat á dráttargetu, virðist ljóst að ekki einu sinni hefðbundin Massey Ferguson dráttarvél getur talist dráttarvél. Þarf vart að hafa um þetta frekari orð,“ segir í bréfi sem lögmaðurinn Viðir Smári Petersen sendi fyrir hönd kæranda til yfirsattanefndar.

gar@frettabladid.is

**TRYGGÐU ÞÉR NÝJAN OG
GLÆSILEGAN FIAT TIPO
MEÐ 5 ÁRA ÁBYRGÐ**

**FIAT TIPO EASY HATCHBACK
TILBOÐSVERÐ FRÁ 2.390.000 KR.
LISTAVERÐ FRÁ 3.090.000 KR.**

**FIAT TIPO EASY STATION
TILBOÐSVERÐ FRÁ 2.590.000 KR.
LISTAVERÐ FRÁ 3.290.000 KR.**

TAKMARKAÐ MAGN BÍLA Í BODI.

STADALBÚNAÐUR: 120 HÖ, LOFTKÆLING, BAKKMYNDAVÉL, BLUETOOTH, SNERTISKJÁR, HITI Í SÆTUM OG SPEGLUM, 16" ÁLFELGUR, AKSTURSTÖLVA O.FL.

ÍSABAND
ISLENSK-BANDARISKA EHF. BÍLAUMBOD



UMBODSADILI FIAT Á ÍSLANDI · ÞVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR · S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS · ISBAND@ISBAND.IS · OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 · LAUGARDAGA 12-16

5 ÁRA
ÁBYRGÐ



RENAULT
Passion for life

SPORTJEPPI

SPARNEYTINN RENAULT KADJAR



RENAULT KADJAR ZEN

Sjálfskiptur, dísil. Verð frá: 4.090.000 kr.

17" álfelgur, 7" snertiskjár með leiðsögukerfi, 6 hátalarar, handfjálssímabúnaður, lykillaust aðgengi, regnskynjari á rúðuburrkum, sjálfvirk lækkun á háum geisla aðalljósa, fjarlægðarvarar aftan, tveggja svæða tölvustýrð loftkæling.

VEGLEGUR VETRARPAKKI

Með nýjum Renault í nóvember

Fyrsta ábyrgðarskoðun · Keramik lakkhúðun fyrir veturinn
Gæða vetrardekk · Vönduð gúmmímotta í skott

Verðmæti allt að 300.000 KR.

Komdu og reynsluaktu nýjum Renault KADJAR – hættu að horfa, farðu að upplifa!



„ÞÚ TANKAR SJALDNAR
Á RENAULT“

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





Jón Gnarr, borgarstjóri 2010-2014.

Bara tíu dollara Banksy-plakat

REYKJAVÍKURBORG Jón Gnarr, fyrrverandi borgarstjóri Reykjavíkur, segir listaverkið sem hann fékk að gjöf frá breska götulistamanninum Banksy ekki vera neitt merkilegt og aðeins vera tíu Bandaríkjadala virði.

Fréttablaðið sagði frá því á laugardag að Jón hefði fengið verk að gjöf frá Banks sem sett hafi það sem skilyrði fyrir gjöfinni að myndin væri á borgarstjórnarskrifstofunni. Spurt hefur verið hvort verkið væri í raun eign borgarinnar og hvort Jón hafi ekki átt að greiða skatt af svo verðmætri gjöf; andvirðið gæti hlaupið á milljónum króna.

„Þetta er ekki original verk eftir Banksy heldur eftirprentun. Hún er ekki einu sinni merkt listamanninum. Þetta er í rauninni bara plaggat,“ segir Jón í færslu á Facebook í gær. „Það er hægt að kaupa svona á netinu fyrir smápeninga,“ batir hann við og lætur fylgja með hlekk á sösluðuna Amazon, þar sem hægt er að kaupa plakat af verkinu á tæpa 10 Bandaríkjadali, að jafnvirði 1.200 króna. –gar

Fögnuðu 100 ára fullveldisafmæli Póllands með hlaupi



Fullveldisafmæli Pólverjar á Íslandi hittust við Hörpu í gær til að fagna 100 ára afmæli fullveldis landsins en þá fór Pólska fullveldishlaupið fram. Pólland varð aftur sjálfstætt ríki eftir lok fyrri heimsstyrjaldarinnar en landið hafði verið undir erlendum yfirráðum í 123 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



www.fasteignasalan.is BÆR

Hlíðarvegur 11, 200 Kópavogi



Opíð hús mánudaginn 12. nóvember kl 18:00 – 18:30

Falleg 3. herb. neðri hæð í þrjúflíli með bílskúr og séringngangi. Í íbúðinni eru 2 svefnherbergi, eldhúsið, baðherbergi, þvottahúsið, borðstofa og stofa. Góðar suðursvalir. Bílskúr upphitaður. Heitt og kalt vatn. Frábær staðsetning. **V. 42.9 m.**

Nánari uppl. Haraldur Guðjónsson lgf s. 783 1494

Eldhaf breytti bænum Paradís í helvíti á jörð

Á þriðja tug hefur farist og fjölda er saknað í skógareldunum miklu í Kaliforníu. Eldar loga á sextán mismunandi stöðum víða um ríkið. Bærinn Paradise þurrkaðist út af kortinu í mesta eldinum. Veðurspár benda til að ástandið skáni ekki í bráð.

BANDARÍKIN Í það minnsta 25 hafa farist og fjölda er saknað vegna skógarelda sem logað hafa í Kaliforníuríki Bandaríkjanna frá því því á fimmtudag. Meira en kvartmilljón manna hefur þurft að yfirgefa heimili sín vegna eldanna.

Sem stendur loga eldar á sextán mismunandi stöðum í ríkinu. Rauðu viðbúnaðarstigi. sem tákna að alvarlegar aðstæður vegna elds geti skapast á svæðum innan sólarhring, hefur verið lýst yfir í ríkinu eins og það leggur sig.

Sá mesti logar í Butte-sýslu í norðurhluta ríkisins. 23 hafa farist í þeim eldi sem meðal annars gjöröyðlagði 26 þúsund manna bæinn Paradise. Talið er að um níutíu prósent mannvirkja í bænum séu ónýtt með öllu og bæringur og umhverfi hans er ekkert nema söt og aska. Um er að ræða þriðja mannskæðasta skógareld í sögu Bandaríkjanna og þann bruna sem valdið hefur mestri öyðleggingu. Hann hefur dreift sér yfir um 440 ferkílómetra svæði en það samsvarar flatarmáli Grýtu-bakkahrepps.

Annar eldur logar sunnar í ríkinu skammt frá Los Angeles. Þar hafa tveir farist en ríflega þrjú þúsund



Nánast ekkert stendur eftir í bænum Paradise í Kaliforníu. NORDICPHOTOS/GETTY

Milljörðum dollara er varið til verksins á hvert og þrátt fyrir það farast svo margir vegna lélegrar umsjónar. Finnið lausn eða það verða engar fjárveitingar úr ríkissjóði.

Donald Trump, forseti Bandaríkjanna



slökkviliðsmenn reyna nú að hefta för loganna. Þeir hafa nú þegar farið yfir 357 ferkílómetra svæði, tæplega flatarmál Fjallabyggðar. Veðurspár gefa ekki góð fyrirheit um framhaldið en spád er áframhaldandi

þurrki í ríkinu í vikunni. Til að bæta gráu ofan á svart bendir allt til þess að vindar muni veita eldtungunum stuðning sinn. Aætlanir slökkviliðsmanna vestanhafs gera ráð fyrir að það geti tekið um þrjár vikur að slökkva eldana.

„Það er engin ástæða fyrir þessum gríðarstóru, mannskæðu og dýru eldum í Kaliforníu nema slæleg umsjón skógræktarsvæða. Milljörðum dollara er varið til verksins á hvert og þrátt fyrir það farast svo margir vegna lélegrar umsjónar. Finnið lausn eða það verða engar fjárveitingar úr ríkissjóði,“ sagði Donald Trump forseti Bandaríkjanna um eldana á Twitter.

Viðbrögð forsetans hafa verið harðlega gagnrýnd úr flestum áttum en þau þykja lýsa ákveðnu skilningsleysi á aðstæðum og vart til þess fallin að bæta stöðu mála.

joli@frettabladid.is

Gotti gerir nestið betra





HRADADU ÞÉR AF BEINU BRAUTINNI

HEIMURINN ER HANDAN VIÐ HORNID
MINI COOPER. Verð frá: 3.720.000 kr.



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

www.mini.is

Minntust loka styrjaldar

Þjóðarleiðtogar söfnuðust saman í París í gær til þess að minnast þess að hundrað ár voru liðin frá lokum fyrri heimsstyrjaldar. Meðal þeirra sem tóku þátt í minningarathöfn við Sigurbogann voru Emmanuel Macron, Donald Trump, Angela Merkel og Vladimir Pútín. Guðni Th. Jóhannesson var einnig viðstaddur athöfnina auk þess að taka þátt í friðarráðstefnu.



SKOÐUN

FRÉTTABLAÐIÐ

Ákallið



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

Það er síðferðileg skylda hvers manns að rétta einstaklingi í háska hjálparhönd, hafi hann tók á því. Því alvarlegri sem háskinn er því mikilvægari er hjálpin. Það er engin tilviljun að í hegningarlögum er ákvæði sem kveður á um að hægt sé að hegna manni sem komi ekki til hjálpar þeim sem staddur er í lífsháska. Þarna er þung áhersla á þá skyldu einstaklinga að bregðast við í slíkri stund, en líta ekki undan.

Í íslensku samfélagi er fjöldi fólks í lífshættu vegna óstjórnlegrar fiknar sem er að leggja líf þess í rúst. Fólk visnar, nær ekki að njóta sín og á ekki raunverulega tilveru því fiknin stjórnar lífi þess. Þessir einstaklingar eru í stöðugri nánd við dauðann sem getur hremmt þá hvenær sem er. Fjölskyldur og vinir lifa í ótta um það sem gerast kann og vilja allt reyna til að koma viðkomandi á rétta braut. Fikn leiðir ógefu yfir fjölskyldur, eyðileggur líf og deyðir manneskjur.

Þegar staðan er orðin svo alvarleg að fiknisjúkdómur eru algengasta banamein fólks á milli átján ára og fertugs þá getur enginn litið undan og látið eins og honum komið málið ekki við – allra sist stjórnvöld. Ekki verða þau dregin fyrir dóm vegna aðgerðarleysis og þeim hegnt, eins og mögulegt er að gera bregðist einstaklingur þeirri skyldu að koma til hjálpar þeim sem er í lífsháska. Samt er það svo að stjórnvöld hafa ekki gert allt sem í þeirra valdi stendur til að koma til hjálpar einstaklingum sem eru í lífshættu. Þegar 600 manns í bráðri hættu eru á biðlista á Vogu eftir afengis- og vímuefnameðferðu þá þarf ekki mikla næmni til að átta sig á að þann biðlista þarf með öllum ráðum að stytta. Þegar ljóst er að 200 milljónir þarf á ári til að losna við biðlistann þá fer ekki milli mála hvað þarf að gera. Það þarf að auka árleg framlög til sjúkráðsins á Vogu og bjarga þannig mannslífum.

Á dögunum voru haldrnir tónleikar í Háskólabíói þar sem margir af fremstu listamönnum þjóðarinnar komu fram í akalli til stjórnvalda um að bjarga lífi þeirra sem eru í hættu vegna fiknar. Þangað mættu fulltrúar ríkisstjórnarinnar og fluttu ræður þar sem inntakið var: Við stöndum með ykkur. Það dugur ekki að stjórnvaldameinn mæti á fund og lýsi þar yfir stuðningi við mála- stað, en aðhafist síðan ekkert. Það er vítað hvað þarf – 200 milljónir til að bjarga mannlífum. Ótal sinnum, oftar en tölu verður á komið, hafa stjórnvöld bruðlað með fé, hvernig væri að setja pening í verkefni sem bjargar lífi fólks?

Það er furðulegt hverju eftirt er fyrir stjórnvaldameinn að vakna til meðvitundar í þessu máli. Þá þarf þjóðin að sameinast og vekja þá. Tilraun til þess er gerð á undirskriftasiðunni akall.is en þar hafa þegar tæplega 18.000 skrifad undir áskorun til stjórnvalda um að veita það sem þarf til að útrýma biðlistum á Vogu. Því akalli ber stjórnvöldum að hlýða.

Ótal sinnum, oftar en tölu verður á komið, hafa stjórnvöld bruðlað með fé, hvernig væri að setja pening í verkefni sem bjargar lífi fólks?

Haldór



Frá degi til dags

Sigur viljans
Blaðamannsdráumar Björns Inga Hrafnssonar hafa lifað vafstur í pólitík og viðskiptum. Hann stofnaði á sínum tíma Pressan.is og bætti á sig fleiri miðlum áður en hann missti þá alla. Þingi er þó ekki afbaki dottinn og opnar nú vefmiðillinn Viljinn.is. Nafnið er notalegt bergmál blaðamennskudraumsins sem hófst á Flateyri þegar hann var á niunda ári og gaf út vélritaða blaðið Viljann. Össuri Skarphéðinssyni, sem einnig hefur marga fjóruna sopia í pólitík og blaðamennsku, finnst þó aðeins vanta upp á metnaðinn. „Hefðir átt að fara alla leið – þjóðviljinn!“

Banksy-tætarinn
Jón Gnarr greip til varna um helgina eftir að Fréttablaðið greindi frá því að verk eftir Banksy, sem hann eignaðist í borgarstjóratíð sinni, þrýði nú heimili hans. Virkir í athugasemdum sleiktu út um með sínum eirturtungum og kvíðdómur samfélagsmiðlanna dró fram grilltangirnar. Í málsvörn sinni benti Jón á að myndin væri eftirprentun sem fengist fyrir tæpa 10 dollara á Amazon. Einfaldast væri sjálfsagt fyrir Jón að fara að nýlegu dæmi Banksy og skella myndinni í pappirs-tætarann, þagga þannig niður í afbrýðisemisráðunum og keyra um leið verðgildi verksins upp úr öllu valdi með því að breyta því í alvöru gjörning. thorarinn@frettabladid.is

Dómur er fallinn – en hvað svo?



Andrés Magnússon framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu

Eins og öllum er enn í fersku minni komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu, með dómi sínum þann 11. október sl., að innflutningstakmarkanir á fersku kjóti feli í sér visvitandi og alvarlegt brot gegn EES-skuldbindingum ríkisins, eins og fram kemur í héraðsdómi sem staðfestur var af Hæstirétti, og séu því með öllu ólöglegar. Þar með var komin endanleg niðurstaða fyrir dómstólum í baráttu Samtaka verslunar og þjónustu sem staðið hafði í rúmlega sjö ár. Þrátt fyrir þessa skýru og ótvíræðu niðurstöðu Hæstiréttar, og EFTA-dómstólsins þar áður, er ekki að merkja að neinn sé sá, hvorki á ríkisstjórn né Alþingi, að bregðast við og breyta löggjöfni til samræmis við niðurstöðu dómsins og þjóðréttarlegrar skyldur ríkisins. Samkvæmt fréttatilkynningu sem atvinnu- og nýsköpunaráðuneytið sendi frá sér sama dag og dómur gekk, er stefnt að því að mæla fyrir slíku frumvarpi á Alþingi í febrúar nk.!

Þessi dráttur á viðbrögðum af hálfu stjórnvalda vekur mikla undrun. Fyrir það fyrsta hafa stjórnvöld haft yfirdæmlega tæma til að undirbúa viðbrögð við þeirri niðurstöðu sem nú liggur fyrir. Það voru allt frá upphafi yfirgnæfandi líkur á að dómur í þessu máli yrði á þann veg sem raunin varð. Í öðru lagi er nauðsynlegt að benda á þá staðreynd að frá og með uppsögu dómsins er það ólöglegt aðgerð að gera ferskt og ófrosið kjöt upptækt við innflutning til landsins. Uptaka kjótsins í tolli hefur beinlínis í för með sér skaðabótaábyrgð fyrir ríkissjóð á öllu því tjóni sem innflytjendur verða fyrir við slíka aðgerð. Þetta er einmitt það sem er að gerast. Nú þegar hefur a.m.k. ein sending af þýsku lifrant ræktuðu nautakjöti verið gerð upptækt við innflutning til landsins. Allar líkur eru á að þær verði fleiri á næstunni, vindi stjórnvöld ekki bráðan þug að því að koma í gegn nauðsynlegri lagabreytingu. Stóra spurningin er því þessi: Ætla stjórnvöld að sitja aðgerðarlaus hjá á meðan löglega innflutt kjöt er gert upptækt í tolli með tilheyrandi skaðabótaábyrgð fyrir ríkissjóð?

Er billinn tilbúinn fyrir vetrarkuldann?

TUDOR er hannaður til þess að þola það álag sem kaldar nætur skapa. Forðastu óvæntar uppkomur.

Veldu öruggt starr með TUDOR

Mælum og skiptum. - Traust og fagleg þjónusta alla leið.

SKORRI SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bildshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

Drengir, feður, stríð

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Í gær voru 100 ár liðin frá lokum þeirra stríðsátaka sem Íslendingar kalla í bjartsýni sinni Fyrri heimsstyrjöldina. Upp undir 20 milljón manns létu lífið í þessari fjögurra ára martröð og annar eins fjöldi særðist. Alls börðust um 70 milljón hermenn í stríðinu, mest drengir. Fjölmargar lýsingar eru til af því hversu viðurstygileg hörmung þetta stríð var. Ungir menn með rotnar tennur fastir í skotgröfum, skriðandi í drullu innan um sprengingar. Það er ein af dýpri ráðgátum mannkynssögunnar hvers vegna svona margir ungir karlmenn, jafnvel unglingar undir lögaldri, buðu sig fram til hermennsku til þess að storma inn á vígvöllinn og drepa hver annan. Ein kenningin er sú að fólk hafi almennt, eftir langvarandi frið í Evrópu, verið búið að gleyma því hvernig stríð færi fram. Önnur kenning er einfaldlega sú að múg-æsing hafi gripð um sig, einhvers konar allsherjar þrýstingur á unga menn í samfélögum Evrópu um að nú skyldu þeir sanna karlmannsku sína. Með því að skjóta hver annan. Oft hefur það verið hlutskipti

karlmannna í mannkynssögunni að vera með einum eða öðrum hætti fallbyssufóður. Að ganga í takt við aðra unga menn í einkennisklæddum massa með byssu á öxl inn í martraðir og dauða. Fyrri heimsstyrjöldin var í raun og veru ein samfelld, markviss tortíming á ungum karlmönnum. Þeim var fórnað í milljónavis í valdatafli sem fáir í raun skilja, ef einhver. Ut af hverju var eiginlega þessi heimsstyrjöld? Af hverju dóu allir þessir drengir?

Karlfrelsisbarátta

Það var eitthvað vídeigandi við það að 100 ára afmæli stríðslokanna skyldi bera upp á feðradaginn að þessu sinni. Báðir viðburðirnir setja karlmannskuna í brennidepil, með ölíku móti. Feðradagurinn á Íslandi á sér ekki langa sögu. Hann var fyrst haldinn árið 2006. Þá var efnt til ráðstefnu á Nordica, á vegum félagsmálaráðuneytisins, Jafnréttisstofu og Félags ábyrgra feðra, um feður í samfélagi nútímans og um þátttöku feðra í fæðingarorlofi. Síðan þá er dagurinn haldinn hátiðlegur annan sunnudag í nóvember ár hvert.

Ég fékk knús. En reyndar bara eftir að ég var búinn að tilkynna heimilishaldinu, eins föðurlega og mér er unnt, að feðradagurinn væri. Það var ekki vitað. En hvað um það. Knúsið var gott. Og ég, semstagi, hugsaði um fyrri heimsstyrjöldina í leiðinni og allar breytingarnar á veröldinni frá



Einu sinni var ég, fimmtán ára, laminn á einu kvöldi á útihátíð þrisvar sinnum af þremur ótengdum, en álíka pöddufullum, mér eldri strákum af engri ástæðu. Maður hristi þetta af sér. Svona var lífið. Það var alltaf verið að lemja einhverja.

Því hún var háð. Ég held að það gleymist stundum hvað jafnréttisbaráttan, kvenfrelsisbaráttan hefur verið mikilvæg fyrir karlmenn líka. Hvað hún hefur gert fyrir okkur

feðurna og drengina. Karlmenn eiga ekki að drepa. Þeir þurfa ekki að rjúka í stríð til að sanna karlmannsku sína. Þeir eiga að ala upp börn. Sinna heimilinu. Skipta um bleyjur. Tala um tilfinningar sínar. Ég held að jafnréttisbaráttan og breytingarnar á veröldinni sem hafa orðið út af henni sé langlíklegust til að koma í veg fyrir að nokkru sinni myndist aftur sú stemning í Evrópu að ungir karlmenn telji sig almennt knúna til að rjúka í stríð og drepa hver annan. Kvenfrelsisbaráttan hefur þannig orðið karlfrelsisbarátta líka.

Barðir menn

Saga karlmannskunnar er órjúfánlega tengd ofbeldi og átökum, þótt vissulega eigi hún sér fallegar og uppbyggilegar hliðar líka eins og

hetjudáðir og ósérhlífni. En ég þekki semstagi — held ég að mér sé óhætt að segja — engan karlmann sem hefur ekki á einhverjum tímupunkti í lífi sínu verið barinn. Þannig er að vera karl. Einu sinni var ég, fimmtán ára, laminn á einu kvöldi á útihátíð þrisvar sinnum af þremur ótengdum, en álíka pöddufullum, mér eldri strákum af engri ástæðu. Maður hristi þetta af sér. Svona var lífið. Það var alltaf verið að lemja einhverja. Ég náði líka í öllum tilvikum að hlaupa burt. Þegar upp er staðið var kvöldið líka gott vegna þess að þarna í fyrsta skipti kyssti mig stelpa. Í lopapeysu á tjaldstæði. Það trompaði barsmiðarnar.

Hér er ég auðvitað að bera mig mannalega. Í hreinskilni sagt hefur þetta alltaf setið í mér. Að vera laminn er ekki gaman. Að verða fyrir ofbeldi er niðurlægjandi og trámatísk reynsla sem skilur eftir ör á sálinni. Ég held að mjög margir karlmenn beri slik ör, þótt þeir láti ekki endilega mikið með það.

Kem ég þá aftur að hinu. Megi jafnréttisbaráttan halda áfram sem aldrei fyrr og ná nýjum hæðum helst, þar sem markmiðum beggja kynja er náð, um að búa til veröld þar sem ofbeldi er ekki líðið — hvaða nafni sem það nefnist — og bæði karlar og konur, drengir og stúlkur, geta um frjálst höfuð strokið og þurfa ekki undir nokkrum kringumstæðum að sanna eitthvert bull með því að meíða, lemja eða drepa.

NÝR FJÓRHJÓLADRIFINN E-PACE

JAGUAR E-PACE



Búnaður í Jaguar E-Pace D150 er m.a.: 10" Touch Pro skjár, símkerfi, 125w Jaguar hljómkarfi, LED-aðaljós með einkennandi dagljósum, 17" álfelgur, íslenskt leiðsögukerfi, rafdrifnir upphitaðir speglar með sjálfvirkri deyfingu og aðkomuljósum, varadekk, neyðarhemlunarbúnaður, bakkmyndavél, fjarlægðarskynjarar að framan og aftan. jaguarisland.is

JAGUAR

HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

Jaguar E-Pace D150, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur.

VERÐ FRÁ: 6.290.000 KR.

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR



7 ára ábyrgð á öllum
nýjum Kia bílum

Brandenburg | KIA



Kia Optima PHEV

Verð frá **4.750.777 kr.**

Vetrar- eða ferðapakki,
verðmæti allt að 350.000 kr.



Kia Picanto

Verð frá **1.990.777 kr.**

Vetrar- eða ferðapakki,
verðmæti allt að 150.000 kr.



Kia Rio

Verð frá **2.690.777 kr.**

Vetrar- eða ferðapakki,
verðmæti allt að 200.000 kr.



Kia Ceed

Verð frá **3.390.777 kr.**

Vetrar- eða ferðapakki,
verðmæti allt að 250.000 kr.

Fáðu þér nýjan Kia og kíktu strax í pakkann

Það er hárréttur tími til að festa kaup á nýjum bíl frá Kia því nú fylgir veglegur kaupauki til áramóta. Þegar þú hefur fundið Kia bílinn sem hentar þér og þínum getur þú valið stútfullan vetrarpakka af aukabúnaði eða spennandi ferðapakka með gjafabréfi út í heim. 50.000 kr. gjafabréf í Smáralind fylgir einnig með öllum nýjum bílum. Kynntu þér málið á pakkadagar.kia.is

Reynsluaktu nýjum Kia með 7 ára ábyrgð hjá okkur. Við tökum vel á móti þér.



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is · kia.com
Viðurkenndur sölur- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

*Forsendur ábyrgðar eru veglegar þjónustufirtil sem kaupandi þekktuð af. Lesu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd.

PAKKADAGAR



Kia Stonic

Verð frá **3.350.777** kr.

Vetrar- eða ferðapakki,
verðmæti allt að 250.000 kr.

Kia Sportage

Verð frá **4.690.777** kr.

Vetrar- eða ferðapakki,
verðmæti allt að 450.000 kr.



Kia Niro Hybrid

Verð frá **4.290.777** kr.

Vetrar- eða ferðapakki,
verðmæti allt að 300.000 kr.



Kia Optima SW PHEV

Verð frá **4.950.777** kr.

Vetrar- eða ferðapakki,
verðmæti allt að 350.000 kr.



Kia Sorento

Verð frá **8.190.777** kr.

Vetrar- eða ferðapakki,
verðmæti allt að 450.000 kr.

pakkadagar.kia.is

Efsta þrepið er innan seilingar

Júlian J.K. Jóhannsson tvíbætti heimsmeitið í réttstöðulyftu um helgina. Hann hefur lengi stefnt að því lyfta 400 kg og segir tilfinninguna þegar þau fóru upp hafa vera frábæra. Júlian stefnir á að verða heimsmeistari.

KRAFTLYFTINGAR „Þetta var ansi ljúft. Ég hef lengi stefnt að þessu og í raun alveg síðan ég byrjaði að æfa,“ sagði Júlian J. K. Jóhannsson í samtali við Fréttablaðið í gær.

A laugardaginn gerði hann sér lítið fyrir og tvíbætti heimsmeitið í réttstöðulyftu í +120 kg flokki á HM í kraftlyftingum með búnaði í Halmstad í Svíþjóð. Júlian byrjaði á 360 kg og fóru þau auðveldlega upp. Næst reyndi hann við 398 kg, nýtt heimsmet, og það gekk eins og í sögu. Júlian var ekki hættur og í þriðju og síðustu lyftunni hlóð hann 405 kg á stöngina. Og upp fóru þau og langþráðu markmiði um að lyfta 400 kg var því náð.

„Fjögur hundruð kg í réttstöðulyftu hefur verið draumatala; eitt-hvað sem maður sér í hillingum. En ég hef alltaf færst nær og nær þessari tölu. Fyrir þetta mót vissi ég að ég gæti tekið þetta. En til að það yrði að veruleika þyrfti allt að koma heim og saman,“ sagði Júlian.

„Ég byrjaði á 360 kg og hoppaði svo strax í heimsmeitið, 398 kg. Ég fann að þetta væri dagurinn. Fyrsta lyftan var mjög létt. Ég lyfti þeim upp og það lá við að ég heyrði andkóf í salnum. Það var hvetjandi.“

Júlian segir tilfinninguna þegar hann lyfti 405 kg hafa verið magnaða. „Manni líður ótrúlega vel. Maður hefur stefnt lengi að þessu og hugsað um þetta á hverjum degi. Það er einstök tilfinning að ná markmiði og hvað þá að setja heimsmet,“ sagði Júlian. Heimsmeitið í réttstöðulyftu var sjö ára gamalt



Júlian J. K. Jóhannsson, heimsmeithafi í réttstöðulyftu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

405

kg er heimsmet Júlians J.K. Jóhannssonar í réttstöðulyftu.

Pað er einstök tilfinning að ná markmiði og hvað þá að setja heimsmet.

Júlian J.K. Jóhannsson

en Bandaríkjamadurinn Brad Gillingham lyfti 397,5 kg á HM 2011. Nú er þetta met í eigu Íslendinga.

Júlian endaði í 4. sæti í opnum flokki á HM í Halmstad. Hann lyfti samtals 1.115 kg og bætti sitt persónulega met. Gamla metið var

1.060 kg. Hann var aðeins 20 kg frá því að komast á verðlaunapall. Júlian bætti sitt persónulega met í hnéþyngju en hann lyfti 410 kg sem er bætting upp á 20 kg. Hann tók svo 300 kg í bekkpressu.

„Ég á best 312,5 kg í bekkpressu. Þetta var undir væntingum þar. Ég

hringdi í Auðun Jónsson kraftlyftingamann, góðan vin og lærifóður, og hann vildi meina að ég hefði verið svona spennur að taka á því í réttstöðulyftunni,“ sagði Júlian og bætti við að réttstöðulyftan hafi alltaf verið hans grein, ef svo má segja.

„Frá byrjun hefur það verið mín besta grein. Það kom smá millikaffi þar sem hnéþyngjan og bekkpressan sigu fram en réttstöðulyftan hefur alltaf verið mín uppáhaldsgrein.“

Brátt fyrir frábæran árangur á HM er Júlian hvergi nærri hættur og stefnir á toppinn.

„Núna er bara að halda áfram. Mín næstu markmið eru að bæta þetta heimsmet enn frekar og komast á pall í samanlögðu; verða heimsmeistari,“ sagði Júlian.

Andrey Kononov frá Rússlandi varð heimsmeistari en hann lyfti samtals 1.227,5 kg. Bandaríkjamadurinn Sumner Blaine varð annar með 1.225 kg. Þeir eru báðir talsvert eldri en Júlian.

„Eftu tvö sætin í dalitlum sér-flokki en ég upplifi að ég sé ekki langt frá þeim. Þeir eru eldri og hafa stundað þetta lengur,“ sagði Júlian.

„Núna svif ég bara um á ský og er rosalega ánægður og jákvæður. Ég upplifi að það sé innan seilingar að stiga upp á efsta þrepið.“

Júlian er 25 ára og því ættu að vera nokkur ár þangað til hann toppar.

„Lengi vel toppuðu menn í kringum 33-35 ára en það hefur færst neðar. Þetta er um þritugt og rétt rúmlega það,“ sagði Júlian að lokum. ingvithor@frettabladid.is

Nýjast

Olís-deild karla



Akureyri - Valur 22-31

Markahæstir: Ithor Kopyshynskiy 4, Friðrik Svavarsson 3, Gunnar Valdimar Johnsen 3 - Anton Rúnarsson 6/2, Róbert Aron Hostert 5, Agnar Smári Jónsson 4.

Fram - ÍR 24-25

Markahæstir: Valdimar Sigurðsson 6/4, Sigurður Örn Þorsteinsson 5 - Arnar Freyr Guðmundsson 9, Pétur Árni Hauksson 5, Sturla Ásgeirsson 4/1.

FH - ÍBV 28-27

Markahæstir: Ásbjörn Friðriksson 12/4, Bjarni Ófeigur Valdimarsson 7, Birgir Már Birgisson 3 - Theodor Sigurbjörnsson 5, Fannar Þór Friðgeirsson 5.

Grótta - Stjarnan 25-27

Markahæstir: Magnús Óðer Einarsson 5, Leonharð Harðarson 5, Sveinn Jose Rivera 5/3 - Leó Snær Pétursson 8/2, Egill Magnússon 7, Aron Dagur Pálsson 5.

Efri	Neðri		
Selfoss	12	ÍR	6
FH	12	ÍBV	6
Valur	11	Grótta	6
Hauk	10	KA	6
